

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
22. fundur föstudaginn 8. nóvember 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð. MKH tók þátt í fundinum með notkun fjarfundarbúnaðar.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Fara yfir athugasemdir sem standa út af í ábendingaskjali.

- a. Ekki talin ástæða til að setja sérstakt ákvæði í frumvarpið um talningu atkvæða við óbundnar kosningar þar sem með fækkun sveitarfélaga 2022 fækkar þeim sveitarfélögum sem notast við þessa tegund kosninga. Hvað viðkemur birtingu heildarúrslita við persónukjör er ekkert því til fyrirstöðu að þau verði birt enda talið fyrir opnum dyrum.
- b. Rætt um 5. mgr. 49. gr. frv. og hvort að þeir sem hafi verið varamenn í sveitarstjórn geti skorast undan kjöri. Rætt um að ákvæðið gildi ekki um varamenn en hafi varamaður tekið sæti sem aðalmaður, t.d. á miðju kjörtímabili, yrði eflaust talið að menn hefðu uppfyllt þessa þegnskyldu sína.
- c. Rætt um umboðsmenn framboðslista og hvort þeir þurfi að hafa lögheimili í sama sveitarfélagi/kjördæmi og listinn býður fram í. Ekki talin ástæða til að takmarka þetta. Það er í höndum stjórnmalasamtaka að ákveða hver er trúnaðarmaður listans.
- d. Nýjar tölfræðiskýringar við 3. gr. frumvarps um kosningarrétt við alþingiskosningar. Farið yfir upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands.

3. Heiti kosningastofnunar.

Umræða tekin öðru sinni um heiti kosningastofnunar. Ýmis heiti hafa verið nefnd til sögunnar: Landskjörstofa, Kosninganefnd, Kosningastofnun Íslands, Íslenska kosningastofnunin, Kosningastofnunin, Kjörstjórn Íslands, Kjörstjórnin, Landskjörstofa, Kjör ráð, Landskjörstofnun, Kjörsýslan, Kosningasýslan, Kjörval, Ískjör, Kosningaráð, Tryggvi, Hannes, Trausti, Vilhelmina (í höfuðið á fyrstu konunni sem kaus í bæjarstjórnarkosningum á Akureyri 1863), Kosninga- og lýðræðisstofnun Íslands, Kosningamiðstöð, Kosningastofa, Íslenska Kosningamiðstöðin, Kosninga- og lýðræðisstofa.

Rætt um ef ekki annað borðleggjandi heiti liggur fyrir væri spurning hvort halda ætti heitinu Landskjörstjórn. Möguleiki að leysa þannig stjórnarskrárvarin verkefni landskjörstjórnar en einnig væri viðeigandi að gefa þessari nýju stofnun nýtt heiti þar sem hlutverk og verkefni hennar breytast töluvert.

Það væri spennandi að koma lýðræði fyrir í heiti stofnunar því markmið laganna er að styðja virkt lýðræði. T.d. væri hægt að hafa „kosninga- og lýðræðisstofnun Íslands“ sem undirheiti Landskjörstjórnar.

Ákveðið að leita til sérfræðings með hversu langt almenni löggjafinn geti gengið í að breyta skipun landskjörstjórnar og hvort heimilt sé að fela miðlægrri kosningastofnun verkefni landskjörstjórnar samkvæmt stjórnarskrá. Enn fremur hvort það gangi upp gagnvart stjórnarskrá að ráðherra skipi stjórn kosningastofnunar og stjórn því ekki öll kosin af Alþingi.

Ákveðið að leita til Guðrún Jónsdóttur og Ara Kristinssonar um heiti stofnunar.

4. Ættu lögin að heita lög um kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur?

Rætt um hvort þjóðaratkvæðagreiðslur geti talist kosningar. Ákveðið að halda heiti laganna óbreyttu.

5. Athugasemdir nefndarmanna við drög að frumvarpi.

Rætt um 19. gr. um vanhæfi kjörstjórnarmanna. Bent á að ákvæði sé mjög þröngt þar sem vanhæfi kemur bara til ef „ef til úrskurðar er mál.“ Ákveðið að gera breytingar á ákvæðinu þannig að kjörstjórnarmaður geti ekki tekið sæti í kjörstjórn sé hann tengdur frambjóðenda með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu. Einnig ákveðið að sömu hæfisskilyrði eigi að gilda í 74. gr. fyrir kjörstjóra sem annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Ákvæði 80. gr. um að heimilt sé að afhenda kjósanda utankjörfundaratkvæði gengur ekki upp verði rafræn kjörskrá meginreglan og með hliðsjón af skilyrði frumvarpsins um að kjósandi greiðir bara atkvæði einu sinni. Ákveðið að taka 80. gr. út úr frumvarpi.

Rætt um 96. gr. frumvarpsins um slit kjörfundar. ÞH kemur með tillögu að nýju ákvæði.

Rætt um hvort þörf verði á 78. gr. (utankjörfundaratkvæði komið til skila) og 79. gr. (skráning utankjörfundaratkvæða) með rafræna kjörskrá. Því velt upp hvort þörf sé að sérstakri skráningu utankjörfundaratkvæða og hvort mikilvægt sé fyrir stjórn málasamtök að fá aðgang að þeim. Gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari þannig fram að fólk komi á kjörstað, t.d. í

rútu fyrir utan Kringluna, merkt verði í utankjörfundarkerfi Þjóðskrá Íslands (sem verður síðan tengt við rafræna kjörskrá) að kjósandi hafi kosið og hann setji atkvæði sitt síðan í kjörkassa. Berist utankjörfundaratkvæði til kjörstjórnar á kjördag væri merkt við kjósanda í rafrænu kjörskrána að viðkomandi hafi greitt atkvæði og atkvæði síðan sett í kjörkassa.

Rætt um 102. gr. um framkvæmd atkvæðatalningar. Úrskurður yfirkjörstjórnar ræður um hvernig atkvæði skuli talið en síðan getur ágreiningur komið upp um úrskurð yfirkjörstjórnar og þá verða til ágreiningsseðlar. Rætt um hvort vafaatkvæði og ágreiningsseðlar séu það sama. ÞH og ÞV skoða betur.

6. Samráðsferli.

Frumvarpið verður nú yfirlésið af sérfræðingi og starfshópur les einnig vel yfir frumvarp. Stefnt að því að afgreiða frumvarpið í samráðsferli þriðjudaginn 26. nóvember nk. Athugasemdir nefndarmanna við frumvarpið skal senda eigi síðar en föstudaginn 15. nóvember til starfsmanna.

7. Önnur mál.

Rætt um samskipti við nefnd forsætisráðherra um starfsemi stjórnmalasamtaka. Formaður hefur samband við forseta Alþingis til að upplýsa um stöðu málsins.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 26. nóvember nk. kl. 8.30. Þá er stefnt að því að afgreiða frumvarpið í samráðsferli.

Fundi slitið kl. 10:40